

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK  
FASTEIGNAMIÐLUN

# GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

33. tölublað 34. árgangur. Fimmtudagur 2. nóvember 2023

Krambúðin Garðabæ  
Opið til kl. 23:30 alla daga



Nýjar íbúðir  
komnar í sölu!  
Eskiás 3, Garðabæ



Bókið skoðun

898 6106

KRAFTUR – TRAUST  
– ÁRANGUR



TORG  
fasteignasala



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S. 568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HÁMNGJAF



Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

## 100 unglingar ræddu málefni Garðabæjar

„Hvernig get ég haft áhrif- hvernig getum við haft áhrif saman“



100 unglingar frá öllum unglिंगastigum  
bæjarins sóttu ungmennaping  
Garðabæjar sem haldið var í Ásgarði.

Ungmennapíngið er skipulagt af ungmennaráði Garðabæjar í samráði við Gunna Ríkk, verkefnastjóra tómstunda- og tækni mála hjá Garðabæ.

Valgerður Eyja setti píngið

Valgerður Eyja, formaður ungmennaráðs Garðabæjar setti píngið, sem haldið var í síðustu viku og flutti ávarp, í kjölfarið kom Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar og flutti stutta ræðu. Síðan hófust umræður á borðum. (Frh. á bls. 8).



KOMINNTÍMA  
SKOÐUN?  
Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í  
LITLATÚNI, GARÐABÆ  
“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

MEIRA HOLLT  
LEMON  
HAGKAUP GARÐABÆ

30%  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimáningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

# Samtal í innbænum

Þriðji og síðasti samtalsfundur haustsins fer fram þann 7. nóvember



Þriðji og síðasti samtalsfundur haustsins að þessu sinni fer fram þann 7. nóvember nk. en áður hafa verið íbúafundir í Urriðaholti og á Álftanesi.

„Þetta hafa verið mjög góðir fundir þar sem við höfum farið djúpt í málefni sem íbúum liggur á hjarta, ræðum málin og tökum fyrirspurnir,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar. „Þessi er eyrnamerkur „innbænum“, en þetta

## Frá fundinum í Urriðaholti

er auðvitað samtal í Garðabæ sem snertir á öllum flötum okkar góða samfélags og ég hvet fólk úr öllum hverfum til að koma.“

Fundurinn hefst klukkan 19:30 og verður í Sjálandsskóla. Boðið verður upp á kaffisopa og konfekt. Fundinum verður ekki streymt en hann verður tekinn upp og settur á vef Garðabæjar að honum loknum.

# Dagur uppskeru, gleði og stolts

Fjölmenur menntadagur í Garðabæ

Það var einstaklega ánægjulegt að ávarpa og halda utan um Menntadag Garðabæjar s.l. föstudag þar sem ríflega 450 starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundar í Garðabæ komu saman í Álftanesskóla.

Menntadagurinn var nú haldinn í sjötta skiptið og er orðinn árviss viðburður í skólasterfi bæjarins. Menntadagur er afrakstur þróunarsjóða leik- og grunnskóla Garðabæjar þar sem okkar góða skólafólk hittist, þróunarverkefni eru kynnt og hlýtt á önnur erindi.

## Valdefling, farsæld og tilfinningalegt öryggi barna

Nýbreytni á Menntadeginu að þessu sinni var að hefja daginn á þremur erindum í hátíðarsal Álftanesskóla og síðan skiptist hópurinn upp á smærri kynningar þróunarverkefna. Opunar erindin héldu þær Oddný Sturludóttir og Bergdís Wilson, auk þess sem Kolbrún Þorkelsdóttir, verkefnastjóri Farsældar í Garðabæ var með stutt erindi. Oddný er aðjunkt við Háskóla Íslands og sérfræðingur í þverfaglegu samstarfi, tómsundafræðum og menntastjórnun, erindi hennar fjallaði um valdeflingu barna. Bergdís hefur starfað í verkefnum tengdum farsæld barna í Skotlandi í 14 ár og fjallaði erindi hennar um mikilvægi þess að börn finni fyrir kærleika og tilfinningalegu öryggi allstaðar í umhverfi sínu.

## Þróunarverkefni kynnt; 17 fjölbeyttar málstofur

Að fræðsluerindunum loknum gat starfsfólk valið úr sautján málstofum þar sem fjallað var um verkefni sem hlotið hafa styrk úr Þróunarsjóðum leik- og grunn-



Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólaneftar og forseti bæjarstjórnar á Menntadegi Garðabæjar, sem var haldinn í sjötta skiptið sl. föstudag

**Menntadagur er afrakstur Þróunarsjóða leik- og grunnskóla Garðabæjar þar sem okkar góða skólafólk hittist, þróunarverkefni eru kynnt og hlýtt á önnur erindi. Kennarar og skólafólkið okkar má virkilega vera stolt af mikilvægu störfum sínum sem leggja grunninn að velferð barna í samfélaginu.**

kennarar, kennarahópar og aðrir fagaðilar sem starfa við grunnskóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu sem og fræðslu- og menningarsvið bæjarins í samstarfi við skóla geta sótt um styrk í þróunarsjóðina. Úthlutun úr þróunarsjóðum leik- og grunnskóla er einu sinni á ári og fjölbreytt verkefni hafa fengið styrki úr sjóðunum á liðnum árum eða allt frá árinu 2017 þegar sjóðirnir voru stofnaðir. Á málstofunum var því margt í boði en þar var meðal annars hægt að fræðast um legð á grunnskólastarfi, lestrarverkefni, heimanámsverkefni, hvernig halda má góða stofufundi, hvernig má efla börn til að vera tæknistjórar skólanna og svo mætti lengi telja.

## Skólasterf leggur grunn að velferð barna í samfélaginu

Ég er gríðarlega stolt af metnaðarfullu starfi leik- og grunnskólanna í Garðabæ. Það er mikilvægt fyrir kennara og aðra starfsmenn skólanna að fá tækifæri til að kynna þróunarverkefni sín, hlýða á fagleg erindi, hittast og deila hugmyndum og leiðum í kennsluáferðum og nýjungum í skólasterfi. Svona dagur er dagur uppskeru, gleði og stolts. Allir vita hve mikilvægt það er að börnin fái góða og fjölbreytta menntun og ekki síður að þeim líði vel í skólanum. Þróunarsjóðir leik- og grunnskóla í Garðabæ hafa undanfarin ár styrkt mörg fjölbreytt verkefni og það er einkar ánægjulegt að upplifa hvernig þessi verkefni efla skólasterfið. Við erum með flotta skóla í bænum og starfsfólk þeirra er framsækið. Kennarar og skólafólkið okkar má virkilega vera stolt af mikilvægu störfum sínum sem leggja grunninn að velferð barna í samfélaginu.

## Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólaneftar og forseti bæjarstjórnar



Bergdís Wilson, farsældarsérfræðingur, Linda Udengard sviðsstjóri, Drífa Sigurjónsdóttir, aðstoðarskólalastjóri Álftanesskóla, Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólaneftar og forseti bæjarstjórnar, Anna María Skúladóttir, skólalastjóri Álftanesskóla og Oddný Sturludóttir, aðjunkt

skóla Garðabæjar. Markmið þróunarsjóðanna er að stuðla að framþróun og öflugum innra starfi skóla í Garðabæ. Einstaka



Sigríður Hulda, Linda Udengard, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri Garðabæjar fara yfir málið áður en Menntadagur Garðabæjar hófst



Ríflega 450 starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundar í Garðabæ komu saman í Álftanesskóla á Menntadegi Garðabæjar



FRÍMANN & HÁLFDÁN  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfán  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



HARPA  
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19  
Garðabær  
harpa@harpautfor.is  
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045

Vefmiðill Garðapóstisins **kgp.is**  
**Facebook.com/Gardaposturinn.is**  
**Twitter.com/Gardapostur**  
**Instagram.com/Gardaposturinn**



Krambúðin

HALLÓ NÓVEMBER!



Coca Cola  
Án Sykurs Koffínlaust  
500 ml

189  
kr/stk



Egils Orka Pinky Promise  
Sykurlaus  
500 ml

NÝTT

47%  
AFSLÁTTUR



Reign BCAA Melon Mania  
500 ml

169  
kr/stk



Twister frostpinnar  
Fruit Zinger 4 pk og Mini Pineapple 6 pk

579  
kr/pk



Víking Jólaljör  
Léttöl, 330 ml

199  
kr/stk



TukTuk  
Frosnir réttir  
350 g

589  
kr/pk



Nice'n Easy  
Frosnir réttir  
350 g



Santa Maria Mexíkó  
á 30% afslætti

30%  
AFSLÁTTUR



Knatter  
Melónu, ávaxtamix,  
skógarberjamix  
80 g

198  
kr/pk



Monster Energy Original  
500 ml

269  
kr/stk



Pepsi og Pepsi Max  
500 ml

2  
FYRIR  
1



Eitt sett  
í bitum, 285 g

498  
kr/pk

Krambúðin Garðabær

Opið: virka daga 8:00-23:30 helgar 9:00-23:30

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Garðapósturinn næst 9. nóvember**

Síðasti skiladagur föstudaginn 3. nóvember  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum frá 1989

**Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is**

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



**Útfararstofa Íslands**  
www.utforin.is • Garðabæ

**Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892**

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



**Útfararstofa Hafnarfjarðar**  
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Aðsend grein

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir

## Börn og samkennd

Á leið minni niður á Garðatorg í vikunni hitti ég dásamlega ömmu fyrir ofan heilsugæsluna. Eftir faðmlög og góðar kveðjur fór hún segja mér hvað það hefði verið henni mikið gleðiefni að styðja ömmustelpuna sína við verkefnið „Jól í skólkassa“ sem börnin í Vídalínskirkju hafa verið að undirbúa síðustu daga. Þar eru þau að útbúa jólagjafir fyrir börn á aldrinum 7-10 ára í Úkraínu og í ljósi stríðsins verður það ennþá þýðingarmeira í hugum okkar allra. Þær langmæðgur höfðu nostrað saman við þá hluti sem fóru í kassann og þá var heppilegt að amman var flínk að þrjúna.

Þegar ég gekk í burtu fór ég að hugsa hvað það væri mikilvægt að ala börnin okkar upp við samkennd og samstöðu. Það gefur lífinu aukin tilgang og dýpkar tilfinningargreind vaxandi kynslóðar. Það er líka svo fallett að unglíngarnir í æskulýðsfélagi Vídalínskirkju ættleiddu barn í gegnum SOS en þau safna ákveðinni upphæð á ári hverju sem tryggir framfærslu og nám. Þau hafa verið með gríðarlega flottar hugmyndir og voru t.d. ýmis leiktæki í messukaffinu sem hægt var að spreyta sig á gegn vægri greiðslu, fyrir utan andlitmálingu og vöflusölu.

En nú er komið að stóru verkefni á þessu hausti en það er fermingarbarnasöfnunin sem verður í bæjarfélaginu okkar 7. – 10. nóvember næstkomandi þegar fermingar-



Jóna Hrönn Bolladóttir

börnin safna til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku, nánar tiltekið í Eþíópíu og Úganda. Ekkert er eins mikilvægt á þessum slóðum eins og að byggja vatnsbrunna. Það er mikil reynsla fyrir börnin okkar að heyra af afleiðingum af skítugu drykkjarvatni fyrir fólkið í þessum

löndum og vatnsskortri sem er þeim svo fjarlæg. Ég finn að þau hafa mikinn metnað að gera vel og ég hef lofað þeim að biðja bæjarbúa að taka vel á móti þeim þessa daga og láta eitthvað af hendi rakna til þessa málefns. Ég vil einnig láta bæjarbúa vita að það eru margir sem sækja í styrktarsjóð Vídalínskirkju og við tökum alltaf glöð á móti framlögum þar. Gospelkór Jóns Vídalíns og Vídalínskirkja munu einnig halda tónleika á adventunni þar sem allur aðgangseyrir fer í gott málefni en í fyrra fór fjármagnið til kvennaathvarfsins. Allt skiptir þetta gríðarlega miklu máli og hefur sterk uppeldisleg áhrif. Ég er líka alltaf viss um að Guð blessar glaðan gjafara.

Kær kveðja

Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur

## FG tryggði sér sigur í vítaspyrnukeppni



Hinn árlegi FG-Flens(borg) var haldinn í Hafnarfirði (Flens) seinni hluta októbermánaðar og keppt var í ýmsum greinum og var stemmingin gríðarleg góð enda mikið undir.

Tóku kennarar þátt og þykir það alltaf auka við fjörið. Þeir kepptu í skotbolta, en aðrar greinar voru kappát, karfa, handbolti, fótbolti og borðtennis.

Jafnt var á milli liðanna eftir allar greinar og þurfti því vítaspyrnukeppni til að knýja fram úrslit. Þar vann FG og fékk því bikarinn góða. Glæsilegt FG!

## Lántaka fyrir 1.000.000.000. kr.

**Tilgangur lánsins að fjármagna framkvæmdir við Urriðaholtsskóla**

Á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag var gerð grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samtals að fjárhæð kr. 1.000.000.000.

Lánið er til 7 ára og endurgreitt með einni afborgun í lok lánstíma 2. nóvember 2030. Lánið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í nóvember 2023 sem er 599,9 stig. Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru 3,70% árlegir og eru fastir allan lánstímann. Í skilmálum lánsamnings kemur fram að tilgangur lánsins er



fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið

fjármögnun framkvæmda við byggingu Urriðaholtsskóla.

**Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is**

**Facebook.com/Gardaposturinn.is**

**Instagram.com/Gardaposturinn**

# MENNING Í GARÐABÆ

## DAGSKRÁ NÓVEMBER

### HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

#### Sýningar

3. febrúar 2023–1. mars 2026

#### HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan. Eðli málsins samkvæmt er fjölbreytileikinn allsráðandi.

#### Vinnustofa

22. september–30. desember

#### LILÝ ERLA

Textillistakonan mun vinna að veggteikningum en Lilý Erla vinnur á mörkum myndlistar og hönnunar.

#### Pallurinn

6. október–30. desember

#### DOLINDA TANNER (1923–1967)

Dolinda var svissnesk listakona sem starfaði hjá Laugarnesleir frá 1949-1952. Verkin á sýningunni eru fengin að láni hjá fjölskyldu hennar í tilefni að 100 ár eru liðin frá fæðingu hennar.

#### Safnið á röngunni

6. október–30. desember

#### LOTHAR GRUND – SKRÁNING Á TEIKNINGUM

Teikningar sem safninu voru færðar til varðveislu verða skráðar fyrir opnum tjöldum af sérfræðingi safneignar.

#### Viðburðir

Sunnudagur 5. nóvember  
kl. 13–15

#### KERTASMIÐJA

Ísabella Leifsdóttir leiðir smiðju sem takmarkaður fjöldi getur tekið þátt í en skráning fer fram á facebooksíðu safnsins. Þeir sem ekki komast að geta farið í skemmtilegan leik um sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili.

Sunnudagur 19. nóvember  
kl. 13–16

#### ELDHÚSUMRÆÐUR

Þrjú sérfróðir fyrirlesarar um málefni tengdum eldhúsum flytja erindi.

Föstudagur 24. nóvember  
kl. 17

#### SKILABOÐ

Grafisku hönnuðunum Unu Maríu Magnúsdóttur og Kötlu Einarsdóttur hefur verið boðið í heimsókn á sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili. Skilaboð sem þjóta inn og út af heimilum á milli heimilismeðlima eru viðfangsefni heimsóknarinnar.

### BÓKASAFN GARÐABÆJAR

#### Viðburðir

Allir fimmtudagar

kl. 13–18 í Urriðaholtssafni

Safnið opið almenningi, fjölskyldur koma saman og lesa, spjalla, fönndra og leika.

Laugardagur 4. nóvember  
kl. 13 í Urriðaholtssafni

#### SKRÍMSLASÖGUSTUND MEÐ ÁSLAUGU JÓNSDÓTTUR

kl. 12.30 á Álfтанessafni  
Lesið fyrir hund.

Miðvikudagur 8. nóvember  
kl. 10.30 á Garðatorgi  
Handavinna við upplestur.

#### Dagur íslenskrar tungu

Fimmtudagur 16. nóvember  
kl. 10.30 á Garðatorgi

#### FORELDRASPJALL UM MÁLTÖKU BARNA

Tinna Sigurðardóttir talmeinafræðingur gefur góð ráð.

kl. 16.30 á Garðatorgi  
KÓR HOFSTADASKÓLA OG  
DÚÓIÐ TINNA MARGRÉT  
OG MATTHÍAS HELGI

Laugardagur 18. nóvember  
kl. 12 á Garðatorgi

BENNY SIF ÍSLEIFSDÓTTIR  
les úr bókinni *Einstakt jólatré*.

Fimmtudagur 23. nóvember  
kl. 20–22 á Garðatorgi

#### BÓKASPJALL

Brynhildur Björnsdóttir leiðir. Vilborg Davíðsdóttir, Þórdís Gísladóttir, Skúli Sigurðsson og Tómas R. Einarson ræða um nýútkomnar bækur sínar.

Laugardagur 25. nóvember

kl. 11.30 á Garðatorgi

Fjölskyldujóga með  
Önnur Rós höfundu *Jógastundar*.

Þriðjudagur 28. nóvember

kl. 17.30 á Garðatorgi

#### FRÓÐLEIKSMOLI MEÐ SIGURÐI HÉÐNI UM LAXVEIÐAR.

#### AFTUR TIL HOFSTADA OG MINJAGARÐURINN Á HÖFSSTÖÐUM

Garðatorgi 7 og við Kirkjulund

#### HAUSTSÝNING GRÓSKU Í GRÓSKUSAL

Opnun fimmtudaginn  
9. nóvember kl. 20.

Sýningin verður opin frá 13-17  
laugardaga og sunnudaga út nóvember.

### TÓNLISTAR- NÆRING

#### Tónleikar

#### GAUDUS MORHUA

Miðvikudaginn 1. nóvember

kl. 12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

#### EYJÓLFUR EYJÓLFSSON

söngur, flauta og langspil

& STEINUNN ARNBJÖRG

STEFÁNSDÓTTIR barrokkcelló  
og söngur

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanefndar  
Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar

#### ÓPERUBRÖLT Í GARÐABÆ

Laugardagur 4. nóvember  
kl. 13 í Vídalínskirkju

Allt getur gerst í óperubrölti þar sem gestir eru leiddir áfram um leyndar-  
dóma Garðabæjar. Alls kyns söng- og  
aðrir furðufuglar skjóta upp kollinum á  
óvæntum stöðum og gleða viðstadda  
og fólk á ferli. Óperubröltið er hluti af  
Óperudögum.

Óperubröltið hefst í Vídalínskirkju en  
gengið verður á Garðatorg.

# Stuðningur Garðbæinga skiptir sköpum

**Neyðarkall, fjáröflun björgunarsveita verður dagana 2.-4. nóvember**

Í Hjálparsveit skáta Garðabæ starfa um 100 sjálfbóðaliðar í sjö flokkum sem hafa mismunandi sérhæfingu. Meðlimir sveitarinnar hafa tekið þátt í yfir 60 útköllum á síðastliðnu starfsári. Auk útkalla hafa félagar sinnt fjölmörgum öðrum verkefnum s.s. æfingum, námskeiðum og fjáröflunum. Æfingar og námskeið eru grundvöllur þess að viðhalda þekkingu og hæfni björgunarsveitarfólks til að sinna fjölbreyttum verkefnum.

Fyrir ári síðan setti sveitin sér markmið með sölu Neyðarkallsins að liðka fyrir endurnýjun snjóbíls og vörubíl sveitarinnar. Með dyggum stuðningi Garðbæinga tókst ætlunarverkið og í apríl fékk sveitin nýjan snjóbil og vörubíl sem hafa fengið nöfnin Þór og Mjólnir. Mikið hefur verið lagt í að hafa þessi tæki sem best búin og þau hafa þegar nýst m.a. í aðstoð við slökkvi-starf í gróðureldum við eldgosíð á Reykjanesi og í útkalli á Fimmvörðuhálsi.

Félagar sveitarinnar hafa alla tíð verið dugleg að leita nýjunga til að efla leitar- og björgunarstarf. Á vormánuðum var stofnaður hópur í kringum notkun á drónum í leit og björgun.

Á síðustu árum hefur notkun dróna aukist í björgunarsveitarstarfi og þeir hafa nýst vel til leitar t.d. á svæðum sem eru erfið yfirferðar. Markmið hópsins er að styrkja hann enn frekar, efla þekkingu og tækjabúnað t.d. með hitamyndavél sem fest er á dróna.



Kaupin á Snjóbílnum handsalaður



Neyðarkall, fjáröflun björgunarsveita verður dagana 2.-4. nóvember. Sjálfbóðaliðar hjálparsveitarinnar munu selja neyðarkallinn við verlanir í Garðabæ ásamt því að ganga í hús að kvöldi fimmtudagsins 2. nóvember. Fjáröflun sem þessi er mikil-

væg hjálparsveitum sem fjármagna allt starf sitt með styrkjum og fjáröflunum.

Með von um góðar móttökur, því ykkar stuðningur skiptir okkur máli.

**Félagar Hjálparsveitar skáta Garðabæ.**



## Rekstrarniðurstaða 4.487.864 þkr. fyrir afskriftir árið 2024

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða bæjarsjóða fyrir árið 2024 verði 4.487.864 þkr. fyrir afskriftir, en Almar Guðmundsson bæjarstjóri fór almennt yfir meginatriði varðandi vinnu við gerð frumvarps að fjárhagsáætlun 2024 á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag. Að frádregnum afskriftum og fjármagnsgjöldum er reiknað með að niðurstaðan verði 578.800 þkr.

Heildartekjur 28.583.509 þkr.  
Heildargjöld 24.095.645 þkr.  
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir 4.487.864 þkr.

Afskriftir (1.745.190) þkr.  
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda 2.742.674 þkr.

Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) (2.163.873) þkr.

Rekstrarniðurstaða 578.800 þkr.

Framkvæmdir - samtals A og B hluti 4.977.000 þkr.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom einnig á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2024 og árin 2025 - 2027, ásamt forsendum og framkvæmdayfirliti.

Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2024 eru:

Bæjarráð samþykkti að vísa tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 (2024-2027) til fyrri umræðu í bæjarstjórn sem er fyrirhuguð nú í morgunsárið, fimmtudaginn 2. nóvember.

**Er komið að grisjun í þínum garði?  
Vill grenitréð þitt vera jólatré?**



Þjónustumiðstöð Garðabæjar auglýsir eftir fallegum grenitrjám úr einkagörðum til að nota sem jólatré á opnum svæðum bæjarins. Starfsmenn bæjarins koma á staðinn, skoða tréð og fjarlægja það, lóðareigendum að kostnaðarlausu, ef það getur nýst sem jólatré.

Fyrirspurnum svarar:

Sigurður Hafliðason, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Garðabæjar í síma 820 8587, póstfang [sigurdurhaf@gardabaer.is](mailto:sigurdurhaf@gardabaer.is). Einnig er hægt að hringja í skiptiborð þjónustumiðstöðvar í síma 525 8580.

# ILVA

# GO CRAZY

2. - 6. NÓVEMBER

25%

AF ÖLLUM  
VÖRUM\*

30%

AF ÖLLUM  
JÓLAVÖRUM



FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!

\*Gildir ekki af sérpöntunum

ILVA Garðabæ - ILVA Akureyri - ILVA Selfoss

S: 522 4500. Sjá opnunartíma á [www.ilva.is](http://www.ilva.is)

# Mikilvægt að raddir ungmenna heyrist



Mikil umræða skapaðist á borðum um málefni þingsins en málefni voru skólamál, samgöngur í Garðabæ og framboð tímstunda fyrir ungmenni í Garðabæ.

Það er óhætt að segja að þingið hafi gengið vel þar sem málefnalegar umræður áttu sér stað á borðum.

Ungmennaráðið mun síðan vinna úr gögnum sem safnað var saman á þinginu og kynna niðurstöður fyrir viðeigandi nefndum Garðabæjar, þar sem það er mikilvægt að raddir ungmenna heyrist.

Þingið var afar vel sótt en þátttakendur valdir voru af handahófi.



## nýtt tölublað KOMIÐ ÚT



NÆLDU ÞÉR Í  
FRÍTT EINTAK HÉR  
EÐA Á BPRO.IS



FULLT AF GÖLDNUM OG GÓÐUM RÁÐUM UM HÚÐ OG HÁR,  
JÓLAGJAFAHANDBÓK ÞAR SEM ÞÚ FINNUR EITTHVAÐ FYRIR  
ALLA Á LISTANUM OG MARGT, MARGT FLEIRA

## Pop up markaður á Garðatorgi laugardaginn 4. nóvember



Pop up markaður verður haldinn á  
Garðatorgi 5 laugardaginn  
4. nóvember og hafa yfir 20 fyrirtæki  
skráð sig til þátttöku.

Markaðurinn byrjar kl 11:00 og verður til  
16:00 á torginu. Um að gera að nota  
tækifærið til að versla í heimabyggð hægt  
verður líka að kaupa sér veitingar því lítið  
kaffihús verður á staðnum.

Fyrirtækin á Torginu munu bjóða upp á  
tilboð af þessu tilefni.

**Eftirfarandi fyrirtæki verða með bás:**

Ögn verslun,  
Helgadóttir,  
QoQ Vogar,  
Cocobutts taubleyjur,  
Bína ehf/ Babína,  
HN gallery,  
Kuldi,  
Björk store,  
Polka ehf,  
BD import ehf,



Feel fine ehf,  
Crystal nails,  
Luka art & design,  
Walnut ehf,  
Indversk skjöl,  
Krista design,  
Ordino,  
Litla plánetur,  
Hunar.is,  
Nita,  
Bökum saman,  
Agzu ehf,  
Undur/jóhanna,  
Lyfja og  
Ilse Jacobsen



# Samtal í Garðabæ

ÍBÚAFUNDUR MEÐ BÆJARSTJÓRA  
OG SVIÐSSTJÓRUM GARÐABÆJAR.

ÞRIÐJUDAGINN 7. NÓVEMBER  
19:30–21:00 Í SJÁLANDSSKÓLA



Förum yfir það sem íbúum Garðabæjar liggur  
á hjarta, ræðum málin og tökum fyrirspurnir.

Hvað er að gerast í framkvæmdum, umhverfis-  
málum, fjölskyldumálum og skólamálum?

Öll velkomin



# Fjölmennt í útgáfuhófi skáldsögunnar Dúnstúlkan í þokunni

Útgáfuhófi skáldsögunnar Dúnstúlkan í þokunni, sem gerist á Langanesi á 19. öld, eftir Bjarna M. Bjarnason, sem haldið var í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg, var fjölmennt, en Bjarni var bæjarlistamaður Garðabæjar 2019.

Útgefandinn, Pétur Már Ólafsson hjá Bjarti Veröld byrjaði á að segja frá óvenjulegri æsku höfundarins, sem rakinn er í skáldævisögu hans Andlit frá 2003, en Bjarni hafði búið á sextán stöðum um tvítugt í þremur löndum. Þvínaest sagði höfundurinn frá því að þegar hann flutti til afa síns 14 ára, þá hafi afa fundist forgangatriði að strákurinn færi í sveit sumarið eftir sem vinnumaður. Þetta gerði hann, og svo tveimur sumrum síðar var hann sjómaður eitt sumar frá Hornafirði. Þessi tvö sumur sem gáfu tilfinningu fyrir sjó og landi væru undirstaðan að heimi sögunnar, sem svo var fyllt úti með heimildavinnu.

Bjarni sagði frá einu umsögninni sem komin væri um bókina. Hún væri frá José sem starfar á Te á kaffi við Garðatorg þar sem höfundurinn vinnur mikið. Hann



Guðrún Zoega, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri í Garðabæ og Vilhjálmur Egilsson

hefði séð bókina, tekið hana upp, lagt að brjóstinu hrifinn, strokið henni og sagt: „Hér í er mikið gott kaffi!“

Katrín Júlíusdóttir, eiginkona höfundar stóð upp að lokum, og sagði frá sinni upplifun af sögunni. Sagði hún það rétt sem José segði um kaffið í sögunni, en í henni væri mikil hlýja, þó að hún væri svört á stundum. Og hún væri eins og kaffið, maður vildi gjarnan meira að einum bolla loknum.



Bjarni Bjarnason rithöfundur



Ragnhildur Pála, Telma Halldórsdóttir og Eiríkur Vigfússon



Benedikt Hjartarson og Jón Bjarni Atlason



Einar Örn Gunnarsson, Margrét Stefánsdóttir og Pétur Már Ólafsson útgefandi hjá Bjartri Veröld



Páll Sigvaldsson og Silje Beite Löken



Ásgeir Andri Guðmundsson, Berglind Bragadóttir og Katrín Júlíusdóttir



Björn Ágúst Björnsson, Kristín Lúðvíksdóttir og Margrét Arnheiður Jónsdóttir



Einar Örn Gunnarsson og Sindri Freysson



## Óperubrölt

### Óperudaga í Garðabæ

Þann 4. nóvember klukkan 13 fer fram Óperubrölt sem hefst í Vídalinskirkju kl. 13 en nokkrir óperusöngvarar leiða fólk í söng og gleði. Bröltið hefst í kirkjunni en síðan verður hópurinn leiddur á Garðatorg þar sem ýmiskonar söngur og

glens fer fram. „Svona brölt fór einnig fram í Reykjavík og tókst ansi vel svo það er mjög gaman að fá tækifæri til að njóta glæsilegra söngvara og óvenjulegs viðburðar í Garðabæ“ segir Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi.



## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýri - Miðsvæði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Íbúðum innan deiliskipulagssvæðis Vetrarmýrar fjöltað úr 664 íbúðum í 795 íbúðir.
- Bílastæði sem áður áttu að vera í tveimur sjálfstæðum bílahúsum meðfram Reykjanesbraut (Vetrarbraut 9) verða byggð sem kjallarar undir tveimur skrifstofubyggingum sem verða 5 hæðir. Í þessum húsum auk þriðju skrifstofubyggingarinnar sem verður 4 hæðir á reitnum Vetrarbraut 13 verða lágmarkskröfur um bílastæði auknar úr einu bílastæði á hverja 100 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði í eitt bílastæði á hverja 60 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði.
- Byggingarreitur fyrir lóð við Vetrarbraut 1 skiptist og verður Vetrarbraut 1-3.
- Ekkert atvinnuhúsnæði verður á lóðinni við Vetrarbraut 1-3.
- Atvinnuhúsnæði minnkar úr 36.461 m<sup>2</sup> í 29.558 m<sup>2</sup>.
- Á öðrum lóðum ætluðum fyrir atvinnuhúsnæði í gildandi deiliskipulagi, að frátaldrí lóðinni við Vetrarbraut 14 við suðurenda íþróttaleikvangs, verður eingöngu atvinnuhúsnæði á jarðhæð. Hins vegar koma nýjar byggingar ofan á bílahús meðfram Reykjanesbraut eingöngu ætlaðar fyrir atvinnuhúsnæði.

Tillagan er aðgengilegar á vef Skipulagsgáttar og á heimasíðu Garðabæjar.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 11. desember 2023 í gegnum vef skipulagsgáttar eða á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is).



Vefmiðill Garðapóstsins [kjp.is](http://kjp.is)  
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)  
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



# Neyðarkall til þín



Af því þinn  
stuðningur  
skiptir okkur máli



# Föndruðu glæsilega bangsa

## Skemmtilegur afmælisdagur bangsa á bókasafninu

Það var skemmtilegur bangsadagur á Bókasafni Garðabæjar sl. laugardag.

Á safnið mætti fullt af flottum krökkum sem komu með bangsana sína til að halda upp á afmæli bangsa, en alþjóðlegi bangsadagurinn er haldinn hátíðlegur 27. október ár hvert.

Krakkarnir föndruðu glæsilega bangsa sem margir voru með hrekkjavökubema, tóku mynd af sér í myndabásnum, horfðu á bangsímónbíó og leystu bangsagetraun. Búið er að draga úr réttum svörum og hinir heppnu voru Sunna Dís 5 ára,



Frosti 6 ára og Haraldur Óli 3 ára fá þau vinalegu bangsa í verðlaun.

Þessar skemmtilegu og fallegu myndir tók Bókasafn Garðabæjar



## Nemendur í FG fóru í fangabúðirnar í Sachsenhausen

29 sögunemar fóru og skoðuðu minjar kalda stríðsins og nasisma í Berlin

29 nemendur í áfanganum SAGA3ks05 (Kalda stríðið) í FG fóru ásamt kennurunum Hilmarí og Berglinni til Berlínar til þess að skoða minjar kalda stríðsins og nasisma í Berlín núna á dögnum.

Strax á fyrsta degi var langur göngutúr um borgina þar sem helstu byggingar voru skoðaðar og endað var við þinghúsið. Á öðrum degi fór hópurinn til fangabúðanna Sachsenhausen og enduðu daginn með öðrum löngum göngutúr til þess að fræðast um nasisma í Berlín. Þriðja daginn var svo Berlínarmúrinn skoðaður ásamt Stasisafninu, en dagurinn endaði við East Side Galleries. Eftir það var frjálst tími fyrir verslunarleiðangra



og það sem nemendur vildu gera. Nemendur voru mjög sáttir, kennarar stoltir af hegðun og áhuga nemenda og sýndi hópurinn hversu frábærir FG-ingar eru.

## Mikilvægt neyðarkall til Garðbæinga

### Mikilvægt neyðarkall til þín!

Sala á Neyðarkalli björgunarsveitanna fer fram dagana 2. til 5. nóvember 2023 og hægt er að nálgast Neyðarkall hjá sjálfbodaliðum sveitanna í helstu verslunarkjörnum meðal annars í Garðabæ.

#### Árlegt fjáröflunaráttak

Neyðarkall björgunarsveitanna á sér orðið langa sögu að baki þar sem það hófst 2006 og er því um að ræða 18. skipti sem björgunarsveitirnar bjóða alm-



enningi að styðja starf þeirra með því að kaupa Neyðarkall. Hagnaður af sölu rennur til björgunarsveita og slysavarna-

deilda og er hann notaður til að efla og styrkja starfið. Í gegnum tíðina hefur almenningur haft mikinn skilning á störfum björgunarsveita enda veit fólk að þegar neyðarkall berst bregðast þær hratt við með allan sinn mannskap, búnað, tækni og þekkingu.

Tökum vel á móti sjálfbodaliðum björgunarsveitanna í Garðabæ næstu daga, svörum neyðarkallinu og stuðlum þannig að eigin öryggi.

POP-UP  
MARKAÐUR  
GARÐATORGI 5  
LAUGARDAGINN 4.NÓV  
FRÁ 11-16



  
**HAFIÐ**  
**FISKVERSLUN**  
*- Gæðin skipta máli -*



**Hugaðu að heilsunni.**

**Hafið fiskverslun. Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi**

# Ólafur Schram tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna

Ólafur Schram, tónmenntakennari í Sjálandsskóla í Garðabæ, er tilnefndur fyrir framúrskarandi tónlistarkennslu, námsefnisgerð og þróunarstarf. Ólafur er einstakur fagmaður með brennandi áhuga á starfi sínu sem á auðvelt með að kveikja áhuga hjá nemendum sínum.

Ólafur lauk B.Ed gráðu frá Háskóla Íslands 1998 og M.A. prófi frá sama skóla 2016 en meistaraþrófsverkefni sitt byggði hann á rannsókn á notkun spjaldtölva við skapandi vinnu í tónmenntakennslu í íslenskum grunnskólum.

Ólafur hefur kennt við grunnskóla, Listaháskólann og á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hann hefur samið náms efni um tónlist sem Menntamálastofnun hefur gefið út og komið að endurskoðun aðalnámskrár. Þá eru ótalin þróunarverkefni sem hann hefur komið að, m.a verkefni um notkun spjaldtölva í tónmenntakennslu (Garðabær 2018–2020).

Ólafur lýsir megináherslum sínum í kennslu meðal annars með þessum orðum: „Mitt helsta markmið í tónmenntakennslu er að skapa aðstæður í tónmenntastofunni svo nemendur með mismikla færni geti stigið inn í heim tónlistarinnar og upplifað galdur hennar í samspili, söng og sköpun.“

Þá leggur hann mikla áherslu á samþættingu tónmenntar við aðrar greinar, en þverfaglegt starf er eitt af ein-kennum Sjálandsskóla sem hann kennir við nú. Um þetta segir hann: „Með samþættingu fær tónlistin aukna merkingu í huga nemandans á sama tíma og iðkun tónlistar gefur nemendum tækifæri á að tengjast viðfangsefnum með upplifun sem aðrar námsgreinar eiga erfiðara með að veita.“

Í umsögn sem fylgdi tillögu um tilnefningu sagði m.a.:

Ólafur hefur starfað við Sjálandsskóla frá því að skólinn tók til starfa og er afar mikilvægur í öllu skólalífinu. Auk þess að kenna tónmennt í 1.–10. bekk, sér hann um morgunsöng fyrir nemendur 1.–7. bekkjar á hverjum morgni – setur tóninn fyrir daginn. Hann tekur þátt í þeim í öllum árgöngum, leiksýningum,



Ólafur er tilnefndur fyrir framúrskarandi tónlistarkennslu, námsefnisgerð og þróunarstarf.

söngleik í unglingadeild, auk þess að stjórna skólakórnum.

Ólafur er einstakur fagmaður með brennandi áhuga á starfi sínu sem á auðvelt með að kveikja áhuga hjá nemendum sínum. Hjá Ólafi fá nemendur að kynna tónlist á fjölbreyttan hátt, fá að skapa tónlist, læra á hljóðfæri og læra sögu tónlistar. Textar eru krufðir og textar eru samdir. Tungumálin eru skoðuð og jafnvel búið til bullmál. Tónlist er sett í samhengi við sögu, menningu og tíðaranda. Ævintýri verða til.

Auk þess að nota fjölbreyttar kennsluáferðir og vera leiðandi í skapandi skólalífi í Sjálandsskóla, nær Ólafur sérlega vel til nemenda með einstakri framkomu, hlýju, hómur og einlægni. Ólafur kemur fram við alla af virðingu og fær það margfalt til baka. Ólafur er einstakur samstarfsmaður, faglegur, hlýr og lausnamiðaður. Nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla er heppið að hafa jafn metnaðarfullan, jákvæðan og skemmtilegan kennara eins og Ólaf í sínum röðum.

Námsefni eftir Ólaf:

- Tónlist og Afríka (meðhöfundur Helga Vilborg Sigurjónsdóttir)
- Tónlist og líkaminn (meðhöfundur Skúli Gestsson)
- Tónlist og tíminn (meðhöfundur Skúli Gestsson)
- Tónlist og tíminn – Kennarabók (meðhöfundur Skúli Gestsson)



# Urriðaholtsskóli eini almenni grunnskólinn á Íslandi sem notar gagnreynda kennsluhætti

## Urriðaholtsskóli í samstarfi við Morningside Academy



Urriðaholtsskóli og Arnarskóli hafa nú hafið sitt annað ár í samstarfi sínu við Morningside Academy í Seattle í Bandaríkjunum en sérfræðingar frá skólanum heimsóttu starfsfólk grunnskólástigs Urriðaholtsskóla í fjórða sinn á einu ári nú í október.

Morningside er rannsóknarskóli sem sérhæfir sig árangursríkum og einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Verkefnið er styrkt af Endurmenntunarsjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkulega

styrkt af Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ.

Sérfræðingarnir heimsóttu fjölda kennslustunda, héldu námskeið og gáfu kennurum endurgjöf á kennsluskipulag, náms efni og kennsluhætti. Starfsfólk skólans sem sótti námskeið og fékk heimsóknir í kennslu á hrós skilið fyrir óþreytandi vilja og elju í að læra og tileinka sér ný vinnubrögð og að leggja sig alltaf fram um að ná enn lengra nemendum okkar til heilla. Urriðaholtsskóli er sem stendur eini

almenni grunnskólinn á Íslandi sem hefur það í stefnu sinni að nota gagnreynda kennsluhætti og er þetta samstarf stór þáttur í að festa þá starfhætti í sessi.

Verkefnið er styrkt af Endurmenntunarsjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ

Hægt er að læra meira um þennan góða samstarfsskóla hér: <https://morningside-academy.org/>

# Líf og fjör í starfinu hjá FEBG

Það er alltaf líf og fjör í starfinu hjá FEBG. Auður Harpa sér um dansleikfímína á föstudagsmorgnum og heldur alltaf uppi gleði og stuði. Þá er nýr hópur farinn af stað í Janusi Heilsuefningu.

Það var bleikur föstudagur haldinn í október og flögguðu félagar eldri borgarar bleiku fyrir alla.

Það var svo boðið upp á dansball í Jónshúsi á vegum FEBG laugardaginn 28. október sl.



# Nemendur Hofsstaðaskóla voru hinir vísindalegustu í allri hegðun!

Sjöundi bekkur fór í október að Vífilstaðavatni þar sem Bjarni fiskifræðingur tók á móti hópnun og fræddi hann um lífríki vatnsins. Nemendur fengu að veiða fisk í læknum og svo gengu þau í kringum vatnið

og nutu umhverfisins. Næsta dag fengu nemendur að kryfja fiskana og skoða inn-yfli þeirra. Þeir skoðuðu einnig sýni úr vatninu í smásjá og sáu ýmis smádyr sem þar lifa. Nemendur gerðu svo skýrslu

um ferðina og úrvinnsluna og eins og sjá má á meðfylgjandi myndum frá Hofsstaðaskóla, þá voru þeir hinir vísindalegustu í allri hegðun.

# LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.  
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

**OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR**

MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG  
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

# Jólin þín byrja á veitingastað IKEA

Hamborgarhryggur  
með brúnuðum kartöflum,  
maís og rauðvínssósu

**1.695,-**

Kalkúnn á  
matseðli frá  
16. nóvember

Hangiskanki  
með kartöflumús, uppstúfi,  
rauðkáli og grænum baunum

**1.995,-**

Grækera-Wellington  
með brúnuðum kartöflum,  
rauðvínssósu og rauðkáli

**1.595,-**

Hangikjöt  
með kartöflum, uppstúfi,  
grænum baunum og rauðkáli

**1.495,-**

Veitingastaðurinn er opinn 11-19:30 alla daga  
Skoðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

